

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvalsvellir

FUNDARGERÐ

36. fundur stjórnar *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* haldinn fimmtudaginn 21. febrúar, 2019, klukkan 16:30 í fundarsalnum Heklu á skrifstofu félagsþjónustunnar að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Helli.

Mættir: Haraldur Eiríksson, Brynja J. Jónasdóttir, Edda G. Antonsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir og Lilja Einarsdóttir sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð. Þorbjörg Gísladóttir og Þorsteinn M. Kristinsson boðuðu forföll og varamenn gátu ekki mætt í þeirra stað. Þórður Freyr Sigurðsson mætti á fundinn og kynnti 1. Dagskrárlíð.

Dagskrá:

1. Svar frá þróunarsviði SASS við erindi frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., skv. bókun aðalfundar dags. 22. maí 2018 og samþykkt 8. liðar 34. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs. (sjá meðfylgjandi fundargögn fundargerð 34. fundar og erindi forstöðumanna til stjórnar vegna kostnaðar bókhalds og endurskoðunar.)

Þórður fer yfir skýrsluna, málið reifað og góðar umræður á fundinum um að mikilvægt væri að ná farsælli lendingu í málinu sem allra fyrst. Vísað til frekari umræðu og afgreiðslu á næsta fundi.

2. Staða sálfræðings hjá skólaþjónustunni.


Edda skýrir frá því að enn hafi ekki náðst að ráða í stöðu sálfræðings skólaþjónustudeildarinnar sem er í ársleyfi frá 1. desember 2018. Málefni sem heyra undir sálfræðing eru leyst með því að skipta við sálfræðinga á vegum Sálstofunnar sem koma reglulega á svæðið og vinna fyrir deildina í verktöku.

3. Starfsmannamál skólaþjónustunnar.

Edda fer yfir starfsmannamál hjá skólaþjónustudeildinni.

Næsti fundur stjórnar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. ákveðinn þriðjudaginn 12. Mars 2019 kl. 16.30 á skrifstofu Rangárþings eystra, Hvalsvellir.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:00


Haraldur Eiríksson
Helga Lind Pálsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Edda Antonsdóttir
Lilja Einarsdóttir